

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 14. apríl 2008 í máli nr. S-334/2008:

Ákærvaldið

(*Erna Sigríður Sigurðardóttir ftr.*)

gegn

Laine Gegere

Þetta mál, sem var dómtekið 11. apríl sl., er höfðað með ákæru lögreglu stjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 18. mars sl., á hendur Laine Gegere, kt. (...), Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði, „fyrir þjófnað, með því að hafa í samtals 13 skipti, á tímabilinu frá 10. apríl til 30. apríl 2007, er ákærða starfaði sem starfsmaður á sjóðsvél verslunarinnar Bónus, Helluhrauni 1 í Hafnarfirði, afhent vörur úr versluninni til þriggja viðskiptavina, án þess þó að þeir greiddu að fullu fyrir vörurnar í eftirfarandi skipti:

Dagsetning	ógreiddar vörur að fjárhæð
10.04.2007	3.438 kr.
11.04.2007	3.178 kr.
13.04.2007	1.037 kr.
16.04.2007	257 kr.
16.04.2007	2.329 kr.
17.04.2007	2.189 kr.
19.04.2007	3.795 kr.
23.04.2007	1.148 kr.
25.04.2007	3.033 kr.
27.04.2007	1.756 kr.
27.04.2007	3.344 kr.
30.04.2007	1.481 kr.

30.04.2007

5.247 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“

Benedikt Arnarson gerir þá kröfu fyrir hönd Bónus, kt. (...), að ákærða verði dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 32.235, ásamt vöxtum „samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá tjónsdegi, dags. 30.04.2007, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags“.

Í ákæru er þess krafist að ákærða verði dæmd til refsingar.

Ákærða hefur fyrir dómi skýlaust viðurkennt að hafa gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í ákæru. Telst sannað með þeirri játningu, sem samrýmist framkomnum sakargögnum, að ákærða hafi framið þau þjófnaðarbrot sem nánar er lýst í ákæru og eru brot hennar þar réttilega heimfærð til refsíákvæðis. Fyrir dómi bar hún að hún hefði átt hugmynd að því fyrirkomulagi að láta vinkonu sína Söndru ekki greiða fyrir allar vörur sem hún keypti í versluninni. Önnur lettnesk kona, Laila, hefði komist að þessum samningi og hefði pín ákærðu til að gera það sama fyrir sig. Hafi ákærða einungis gert þetta til þess að líta vel út í augum þessara vinkvenna sinna.

Ákærða er fædd á árinu 1984 og hefur hreint sakavottorð. Við meðferð málsins fyrir dómi kom fram að ákærða stundar nám í viðskiptafræði í heimalandi sínu Lettlandi. Við ákvörðun refsingar er litið til þess að ákærða braut trúnað við vinnuveitanda sinn með því að afhenda í leyfisleysi viðskiptavinum vörur án þess að þeir greiddu fyrir þær. Þegar litið er til þess að verðmæti þeirra vara sem ákærða afhenti vinum sínum í heimildarleysi nam einungis 32.235 krónum, og þess að ákærða iðraðist mjög og vildi þegar í stað fá að greiða það tjón sem verslunin hefði orðið fyrir af þessum sökum þykir refsingin hæfilega ákveðin 75.000 króna sekt sem greiðist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins en ella sæti ákærða fangelsi í sex daga.

Í málinu gerir Benedikt Arnarson þá kröfu fyrir hönd Bónus að ákærða verði dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 32.235 kónur ásamt vöxtum „samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá tjónsdegi, dags. 30.04.2007, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.“ Vegna erfiðleika við að útvega túlk sem gat túlkað fyrir ákærðu yfir á móðurmál hennar, lettnesku, var ákærða ekki yfirheyrð til fullnustu fyrr en 17. september 2007. Var skaðabótakrafan þá fyrst borin undir hana. Ákærða kvaðst þá að sjálfsögðu vilja greiða þá fjárhæð sem verslunin krefðist. Ekki fæst þó séð af lögregluskýrslu að ákærðu hafi verið leiðbeint með það að best væri fyrir hana að greiða kröfuna strax annars bæri krafan dráttarvexti. Með vísan til 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 verður krafan látin bera dráttarvexti frá 17. október 2007 til greiðsludags.

Engan sakarkostnað hefur leitt af meðferð málsins.

Ingiríður Lúðvíksdóttir, settur héraðsdómari, dæmir þetta mál.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Laine Gegere, greiði 75.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu en sæti ella sex daga fangelsi.

Ákærða greiði versluninni Bónus 32.235 krónur í skaðabætur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 17. október 2007 til greiðsludags.

Ingiríður Lúðvíksdóttir

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 14.04.2008.